

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnosi
801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 21/11. '17.
Ábm.	Svfr.
Afgr. Jónsdóttir	()Bref ()St.
Lvm.	Trm.

Reykjavík 16. nóvember 2017
UST201711-121/P.K.
09.01

Efni: Beiðni um tilnefningar í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver

Umhverfisstofnun óskar eftir tilnefningu fulltrúa í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver í samræmi við auglýsingu nr. 870/2017, 4 gr. þar sem segir m.a.:


„Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu en stofnuninni til ráðgjafar er 10 manna nefnd og skipar hvert sveitarfélag einn fulltrúa og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar. Með nefndinni skulu starfa fulltrúar Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Skal ráðgjafanefndin funda minnst einu sinni á ári. Umhverfisstofnun er heimilt að höfðu samráði við ráðgjafanefnd að setja ítarlegri reglur um umgengni í friðlandinu, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013.“

Með vísan til 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, er óskað eftir að tilnefnd séu bæði karl og kona svo unnt sé að skipa nefndina í samræmi við markmið umræddra laga.

Óskast tilnefningar sendar stofnuninni fyrir 11. desember 2017, ásamt upplýsingum um heimilisfang og netfang viðkomandi.

Tilnefningaraðilar bera kostnað vegna þátttöku fulltrúa sinna í nefndinni.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri